

1872.

2. febrúar.

ist, að fuglinn verði ekki með nokkru móti styggður, sérilagi ámeðan hann verpi og liggi á eggjum, með því álita megi, að allur ófriður hræði fuglinn burt, og gjöri að verkum, að hann komi ekki aptur á sama stað.

Útaf þessu mælumst vör til, að utanríkisstjórnin góðfúslega láti í tæ aðstoð sína til þess, að þeim, sem ætla má að hafi haft í frammi þessi spillvirki, verði hegnt fyrir, og skal þess jafnframt farið á leit, að þess verði krafizt, að sá eða þeir, sem verða uppvisir að þessu, verði hver um sig dæmdir í 5 rd. sekt, samkvæmt tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849, og að auki skyldaðir til að greiða hæfilegar skaðabætur.

12. febrúar.

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um endurgjald alþingiskostnaðar.

Útaf spurningu þeirri, sem þær, herra stiptamtmaður, í bréfi, dagsettu 6. nóvbrm. f. á., hafið borið upp, hvort það, sem enn ekki var búið að jafna niður 31. marzm. f. á. af alþingiskostnaði þeim, sem greiddur hafði verið fyrirfram úr ríkissjóðnum, en það var 421 rd. 3 sk., skuli renna í ríkissjóðinn, eða falla til hins íslenzka landssjóðs, gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir beinlínis tekið það fram við umræður þær, sem fram fóru milli hennar og nefndar þeirrar, sem sett var í fólksþinginu, áður en lögin um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, komu út, að eptirstöðvar af íslenzkum tekjum, sem taldar höfðu verið í fjárhagslögum fyrir 1870—71 eða fyrri fjárhagsár, skyldi renna í hinn almenna ríkissjóð, án tillits til þess, hvenær þær í rauninni yrði goldnar, og að þetta yrði einnig að gilda um það fæ, sem kæmi svo sem endurgjald fyrir það, sem goldið hefði verið fyrirfram úr ríkissjóðnum, til kostnaðar bæði við fyrri alþing og þá sérilagi við alþing 1869. Sökum þessa getur það ekki komið til álita gagnvart ríkissjóðnum, að fæ því, sem hér er verið að ræða um, hafi ekki verið jafnað niður í tækan tíma, og verður því að telja með tekjum

ríkissjóðsins 421 rd. 3 sk. af því, sem þær jafnið niður fyrir 1872.
árið 1871. 12. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 12. febrúar, yfir Íslandi, um póstskeipsferðir til Vestmannaeyja.

Með bréfi, dagsettu 19. júlím. f. á., hafði þær, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarsskrá, sem alþing 1871¹ hafði vísað til yfirvaldanna, og þar sem 25 Vestmannaeyingar hafa sókt um, að verði reynt til, sökum þess, hvað eyjarnar liggja afskekktar, að koma því til leiðar, að skipstjórnarmanninum á hinu íslenska póstgufuskeipi verði gjört að skyldu að koma þar við eyjarnar á öllum ferðum sínum til og frá Reykjavík, enda þótt það hefði nokkrar tafir í för með sér, svo framarlega sem skipinu þar við ekki væri nein hættu búin. Eptir að dómsmálastjórnin hafði skrifast á við fjárstjórnina útaf þessu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þær birtu það, að tæð stjórnarráð eptir skýrslum þeim, sem hún hefir fengið um þetta efni, og sérílaga samkvæmt álitsskjali frá herskeipsforingja Lütken, sem eptirrit fylgir af², sér sér eigi fært, að bjóða póstskeipstjóranum, að koma optar við á Vestmannaeyjum, en honum hingað til hefir verið gjört að skyldu, sem er, að hann staldri við þær, þegar kringumstæðurnar leyfi það. Við sama tækifæri hefir fjárstjórnin ennfremur getið þess, að eigi var komið við á Vestmannaeyjum á fyrstu ferð póstgufuskeipsins, með því ekki stóð svo á, að skipið bæri þar að á

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 220—221.

²) Í þessu álitsskjali er tilfært þrennt, sem gjörir það að verkum, að eigi sé hægt að koma við á Vestmannaeyjum á ákveðnum tímum; fyrst það, að eyjarnar liggja í opnu hafi, svo við geti borið að eigi verði komið út í gufuskeipið af landi; svo það, að veður geti verið svo dimmt, að skipstjóri verði að halda til hafs, og að endingu geti svo staðið á, að skipið beri að þegar rökkur er á fallið; samt mætti að nokkru leyti bæta úr þessu með því, að setja vitljóska á hentugan stað, sem sæist í tveggja mílna fjarlægð, og skyldi vera kveikt á hverri nóttu, þangað til víst væri, að póstgufuskeipið væri komið hjá.